

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 13/2009

frá 5. febrúar 2009

um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XIII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 129/2008 frá 5. desember 2008 (¹).
- 2) Fella ber inn í samninginn tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2008/87/EB frá 22. september 2008 um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/87/EB um tæknilegar kröfur vegna skipa á skipgengum vatna leiðum (²).

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 47a (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/87/EB) í XIII. viðauka við samninginn:

„– **32007 L 0087**: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2008/87/EB frá 22. september 2008 (Stjtið. ESB L 255, 23.9.2008, bls. 5).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti tilskipunar 2007/87/EB, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 6. febrúar 2009 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

(¹) Stjtið. ESB L 25, 29.1.2009, bls. 36, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 5, 29.1.2009, bls. 4.

(²) Stjtið. ESB L 255, 23.9.2008, bls. 5.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

Gjört í Brussel 5. febrúar 2009.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Alan Seatter

formaður.